

Nd.

572. Frumvarp til laga

[94. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á 36. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Á eftir 2. málgr. komi ný málgr., svo hljóðandi:

Tryggingarfélag verður því aðeins krafíð 5000.00 kr. bóta eða hærri samkv.

1. eða 2. málgr., að lögreglurannsókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er byggð á.

2. Næstsíðasta málgr. orðist svo:

Tryggingarfélagið hefur endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og er þá skylt að krefja hann um eigi minna en 30% af tjóninu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr., síðustu málgr., þó þannig, að veðband það, sem um ræðir í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu váttryggingarsala. Sá, er fyrir tjóni verður, tryggingartaki eða tryggingarfélag, getur horið það undir gerðardóm þriggja manna, hvort tryggingartaki hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Gerðardóminn skipa einn maður tilnefndur af tryggingartaka, annar tilnefndur af tryggingarfélaginu og oddamaður, er héraðsdómari nefnir til. Oddamaður er formaður gerðardómsins. Álit gerðardómsins um sök tryggingartaka er ekki bindandi fyrir dómara í máli um endurkröfurétt tryggingarfélagsins.

2. gr.

1. málgr. 39. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en eitt ár, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Einnig skal svipta þann ökuleyfi ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 1 ár, eða fyrir fullt og allt, sem hefur orðið sekur um mjög vitaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins og öðru framferði kærða sem bifreiðarstjóra, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast ökuréttindi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.